

MAT á starfsáætlun Reykhólaskóla frá skólaárinu 2017 til 2018

(Áður kallað ársskýrsla)
29. ágúst 2018





Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Skólinn í tölum	5
Grunnskóladeild	5
Leikskóladeild	5
Opnunartími	5
Tölulegar upplýsingar	6
Starfsfólk skólans, netföng og símanúmer	7
Viðtalstímar kennara í grunnskóladeild	8
Viðtalstímar kennara í leikskóladeild	8
Forföll kennara	8
Starfsmannastefna	8
Trúnaðarmenn og öryggisvörður	8
Verksvið starfsmanna - starfslýsingar	8
Skóladagatal	9
Skýringar og fastir viðburðir	9
Uppbrotsdagar	11
Val 1.-7. bekk	11
Val 8.-10. bekk	11
Fastir fundir og fundaráætlun vetrarins	11
Skipulag skólans	12
Nefndir og ráð	12
Mennta- og menningarmálanefnd	12
Skólaráð grunnskóla	13
Foreldraráð leikskóla	13
Skólaráð Reykhólaskóla	13
Foreldraviðtöl	14
Samskipti heimilis og skóla	14
Forvarnir	15
Jákvæður agi - leikskóladeild	15

Skólareglur - Grunnskóli Reykhólahrepps	15
Eineltisáætlun Reykhólaskóla	15
Vímuvarnaráætlun Reykhólaskóla	16
Móttökuáætlanir nýrra nemenda	16
Kannanir og skimanir	16
Þróun og starfsþróun	16
Þróunarverkefni	16
Innra mat	17
Sjálfsmatsáætlun:	17
Úrbótaáætlun (úr Innra mati)	18
Jafnréttisáætlun skóla	18
Jafnréttisáætlunin var endurskoðuð haustið 2017 og samþykkt. Áætlað er að endurskoða jafnréttisáætlunina haustið 2022 næst eða fyrr ef þurfa þykir. Jafnréttisáætlunin er á vefsíðunni í heild sinni.	18
Áætlun um öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla	18
Starfsþróunaráætlun	18
Helstu áherslupættir skólárið 2017-2018 eru:	19
Form símenntunar	19
Þörf á símenntun.	19
Tveggja ára áætlun	19
Umhverfisstefna Reykhólaskóla	20
Framkvæmd, viðmið og eftirfylgni	20
Stoðkerfi	21
Nemendaverndarráð	21
Starfshættir Nemendaverndarráðs Reykhólaskóla.	21
Aðgengi að skólaheilsugæslu	22
Aðgengi að sérfræðiþjónustu - stoðþjónusta	23
Áfallaráð - Áfallaáætlun	23
Viðbrögð við óveðri.	23
Stórslys/ náttúruhamfarir	24
Hagnýtar upplýsingar	24
Námsgögn	24
Útikennsla	24
Sund	24
Íþróttaföt:	24
Viðmið Reykhólaskóla um samskipti foreldra og kennara	25
Tölvupóstur til kennara	25
Hvenær á að nota tölvupóst?	26
Hvenær á ekki að nota tölvupóst?	26

Facebook og aðrir samskiptamiðlar	27
Sími	27
Leyfi	27
Heimsóknir foreldra í skólastofur	27
Upplýsingar frá skólanum	27
Skólasel og íþróttæfingar	28
Forföll, veikindi og leyfi	28
Rýmingaráætlun Reykhólaskóla	28
Mötuneyti	28
Íþróttir og sund	29
Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf	29
Fastir viðburðir eru eftirfarandi:	29
Fjáröflun	29
Óveður	30
Skólaakstur	30
Klæðnaður og óskilamunir	30
Lokaorð	30

Skólinn í tölum

Litlar breytingar urðu á nemendahóp um veturinn. En það bættust nemendur við eftir áramót á báðum skólastigum. Var lokatalan 70 þegar skólanum var slitið. 28 nemendur stunduðu tónlistarnám eftir áramót. Tveir starfsmenn bættust við eftir áramót.

Grunnskóladeild

Fjöldi nemenda, fjöldi starfsmanna, opnunartími, símanúmer, netföng og svo framvegis
Upplýsingar um stjórnendur og staðgengil skólastjóra

Heimilisfang: Skólabraut 1, 380 Reykhólahreppur
Heimasíða skólans: <http://www.reykholaskoli.is>

Netfang skólans: skolastjori@reykholar.is
Fésbókarsíða skólans: <https://www.facebook.com/Reykhólaskóli>
Sími á kennarastofu: 434 – 7731
Sími á leikskóladeild: 434 - 7832
Sími á skólastjóraskrifstofu: 434 – 7806
Skólastjóri: Valgeir Jens Guðmundsson
Farsímanúmer: 8230003
Staðgengill skólastjóra: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir
Aðstoðarleikskólastjóri: Birgitta Jónasdóttir

Leikskóladeild

Heimilisfang: Skólabraut 1, 380 Reykhólahreppur
Heimasíða skólans: <http://www.reykholar.is/skoli/>
Netfang skólans: skolastjori@reykholar.is
Fésbókarsíða skólans: <https://www.facebook.com/HólabærLeikskóladeildReykhólaskóla>
Sími á leikskóladeild: 434 - 7832
Sími á skólastjóraskrifstofu: 434 – 7806
Skólastjóri: Valgeir Jens Guðmundsson
Farsímanúmer: 8230003
Aðstoðarleikskólastjóri: Birgitta Jónasdóttir

Opnunartími

Grunnskóladeildin opnar kl 08:15 og skóla líkur á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum kl 15:00. Á föstudögum lýkur skóla kl 12:20. Eftir áramót lýkur skóla kl. 14:10 á fimmtudögum.
Leikskóladeildin opnar alla virka daga kl 7:45 og lokar kl 16:00 á mánudögum, þriðjudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Á föstudögum lokar leikskólinn 15:00

Tölulegar upplýsingar

Fjöldi nemenda

65 nemendur eru í Reykhólaskóla.
47 nemendur eru í Grunnskóladeild.
18 nemendur eru í leikskóladeild.

Tónlistardeild:

24 nemendur eru í tónlistardeild.

Fjöldi almennra kennslustunda

205

Fjöldi sérkennslustunda

47

Fjöldi stöðugilda í kennslu

Grunnskóladeild 6,6
Leikskóladeild 4,2

Fjöldi stöðugilda í stjórnun

Grunnskóladeild 1.
Leikskóladeild 1.

Kynjahlutföll

76% Konur 24% Karlar

Stöðugildi stuðningsfulltrúa

4,5

Stöðugildi skólaliða

1,5

Sérfræðingar stöðugildi

1,3

Önnur stöðugildi

3

Fjöldi nemenda eftir árgöngum.

Hólabær - Leikskóladeild 18.

1. bekkur - 4
2. bekkur - 2
3. bekkur - 7
4. bekkur - 3
5. bekkur - 7
6. bekkur - 5
7. bekkur - 3
8. bekkur - 6
9. bekkur - 3
10. bekkur - 7

Samræmd próf.

Markmið skólans eru að framfarir nemenda í samræmdum prófum séu að minnsta kosti eins og gerist að jafnaði á landsvísu.

Annmarkar komu upp við framkvæmd samræmdra prófa - enginn nemandi náði að ljúka prófi vegna tæknilegra galla. Enginn nemandi endurtók prófið.

Lesfimiþróf

Markmið skólans er að fjölga nemendum sem ná 90%, 50% og 25% viðmiðum. Fyrsta markmið er að allir árgangar nái 90% viðmiðum. Skólinn mun beita viðurkenndum aðferðum við að ná fram þeim markmiðum.

Nemendum fjölgaði sem náðu 90%, 50% og 25% viðmiðum. Til að gera enn betur hefur skólinn hafið innleiðingu á PALS lestrarkennslu sem áætlað er að verði lokið vor 2019.

Starfsfólk skólans, netföng og símanúmer

Andrea Björnsd.	Proskapjálfi	andrea@reykholar.is
Ásta Sjöfn Kristjánsd.	Umsjónakennari	asta@reykholar.is
Birgitta Jónasdóttir	Deildarstjóri leikskóla.	leikskoli@reykholar.is
Bergþór O. Thorsteins.	Umsjónakennari	bergthor@reykholar.is
Dísa Sverrisd.	Stuðningsfulltrúi	disver@snerpa.is
Einar Sveinbjörnsson	Leiðbeinandi	einarsveinbjorns@gmail.com
Friðrún Hadda Gestsd.	Stuðningsfulltrúi	helmuth@simnet.is
Helga Þórey Sigurlínud.	Starfsm. Leikskóla	helga.ingadottir@gmail.com
Herdís Erna Matthíasd.	Skólaliði	gustafjo@mmedia.is
Hrefna Jónsdóttir	Leiðbeinandi	hrefnajonsd@gmail.com
Indiana Svala Ólafsd.	Stuðningsfulltrúi	indaola@simnet.is
Ingimar Ingimarsson	Tónlistarkennari	ingimar@reykholar.is
Íris Ósk Sigþórsd.	Starfsm. Leikskóla	irisos@yahoo.com
Katla Sólborg Friðriksd.	Stuðningsfulltrúi	katlasolborg@gmail.com
Kolfinna Ýr Ingólfisd.	Kennari	kolfinna@reykholar.is
Ó. Hanna Guðmundsd.	Skólaliði	
Rebekka Eiríksd.	Leiðbeinandi	bekka@reykholar.is
Sandra Rún Björnsd.	Iðjuþjálfi	sandrarun@simnet.is
Silvía Kristjánsdóttir	Stuðningsfulltrúi	
Steinunn Rasmus	Kennari	steinunn@rasmus.is
Svanborg Guðbjörnsd.	Kennari	loa@reykholar.is
Valgeir Jens Guðmund.	Skólastjóri	skolastjori@reykholar.is
Vilborg Ása Fossdal	Stundarkennari	
Vilberg Þránínss.	Bílstjóri	
Þránín Hjálmarss.	Bílstjóri	
Ingvar Samúelsson	Matráður	
Árný Huld Haraldsd.	Aðstoðarmatráður	
Ólafía Sigurvinsdóttir	Aðstoðarmatráður	

Viðtalstímar kennara í grunnskóladeild

Svanborg Guðbjörnsdóttir umsjónarkennari 6. – 7. bekkjar.

Þriðjudögum kl. 11:00 – 11:40

Bergþór O. Thorstensen umsjónakennari í 8., 9. – 10. bekkjar

Mánudögum 12:50 – 13:30

Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir umsjónarkennari 4. og 5. bekkjar.

Þriðjudaga kl. 10:00 – 10:40.

Steinunn Rasmus umsjónarkennari 1. 2. og 3. bekk.

Þriðjudögum kl. 11:00 – 11:40.

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir umsjónarkennari 8., 9. og 10. bekkjar.

Mánudögum kl. 10:00 – 10:40.

Hægt er að ná í aðra starfsmenn eftir samkomulagi.

Viðtalstímar kennara í leikskóladeild

Viðtalstímar kennara í leikskóladeild er eftir samkomulagi.

Forföll kennara

Ef kennari fer í leyfi undirbýr hann kennsluáætlun fyrir staðgengil sinn. Ef kennari veikist eða af öðrum orsökum getur ekki undirbúið kennslu má staðgengill hans ráðstafa tímanum með öðrum hætti.

Í forföllum skólastjóra tekur Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir staðgengill skólastjóra við störfum hans þar til hann snýr aftur.

Í forföllum kennara er bilið brúað með öðrum kennurum skólans, ef kennarar eru uppteknir í kennslu eða geta ekki sinnt forföllum af öðrum ástæðum, hafa stuðningsfulltrúar eða skólaliðar umsjón með bekknum.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna var endurskoðuð veturinn 2017-2018 og ný stefna samþykkt vorið 2018. Stefnuna er að finna í heild sinni á [vefsíðu](#) skólans.

Trúnaðarmenn og öryggisvörður

Trúnaðarmaður kennara er Steinunn Ólafía Rasmus.

Verksvið starfsmanna - starfslýsingar

Er nú að finna á vefsíðu skólans [hér](#). Einnig [móttökuáætlun](#) starfsmanna.

Skóladagatal

Framkvæmd gekk eins og áætlað var en ein breyting var gerð á skóladagatali leik-og grunnskóladeildar en það var til að rýma fyrir endurmenntunarferð til Brighton og síðasti dagur leikskóla var 27.júní vegna starfsdags 28.

Engar breytingar urðu á virðburðum samkvæmt áætlun. Ferðast var í Skagafjörð með 8-10 bekk þar sem farið var í flúðasiglingu, litbolta, sund og söfn.

Skóladagatal grunnskóladeildar 2017-2018

<http://www.reykholar.is/skoli/skrar/skra/125>

Skóladagatal leikskóladeildar 2017-2018

<http://www.reykholar.is/skoli/skrar/skra/124>

Skýringar og fastir viðburðir

Águst/september

- Leikskóli hefst 16. ágúst
- Skólasetning grunnskóla 22. ágúst
- Íþróttamót Borgarnesi. Miðstigsleikarnir 31. ágúst.
- Nám og gleði, kynning á starfi vetrarins. 6. September
- Haustferð Reykhólaskóla verður setið fyrir veðri á tímabilinu 14. september.
- Öfugsnúni dagurinn 21. september.
- Samræmt próf hjá nemendum í 7. bekk 22. – 23. september.
- Samræmt próf hjá nemendum í 4. bekk 29. – 30. september.

Október

- Norræna skólahlaupið 4. október.
- Smiðjuhelgi fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. 6. – 7. október.
- Foreldraviðtöl með foreldrum og nemendum. 11. Október.
- Foreldrarviðtöl í leikskólanum 12. Október
- Bleikur dagur 14. október.
- Starfsdagur í leik- og grunnskóla 19-20. nóvember.
- Skólabúðir á Laugum fyrir nemendur í 9. bekk. 23. – 27. Október
- Alþjóðlegi bangsadagurinn. 27. Október
- Íþróttahátíð Bolungarvíkur 27. Október.

Nóvember

- Vetrarfrí í leik- og grunnskóla. 6. nóvember.
- Baráttudagur gegn einelti. 8. nóvember.

- Dagur íslenskra tungu 16. nóvember.

Desember

- Fullveldiskaffi Reykhólaskóla 2. Desember.
- Jólabball á Varmalandi
- Jólaföndur Reykhólaskóla. 14. Desember.
- Foreldrakaffi í Hólabæ. 15. desember.
- Litlu jólin og jólabball hjá nemendum Reykhólaskóla. 20. desember.
- Jólafrí hjá grunnskóladeild. 20. desember.

Janúar

- Starfsdagur hjá leikskóla. 2. janúar.
- Leikskóli hefst 3. janúar.
- Grunnskóli hefst eftir jólafrí. 3. janúar.
- Pabba og afakaffi í Hólabæ. 23. janúar.

Febrúar

- Dagur stærðfræðinnar.
- Skólabbúðir á Reykjum fyrir nemendur í 7. bekk. 5. – 9. Febrúar.
- Dagur leikskólans. 6. febrúar.
- Bolludagur 12. febrúar.
- Sprengidagur 13. Febrúar.
- Öskudagurinn 14. Febrúar.
- Starfsdagur kennara. 19. febrúar.
- Mómmu og ömmukaffi í Hólabæ. 20. febrúar.
- Foreldraviðtöl grunnskóla. 22. febrúar.

Mars

- Alþjóðlegi hrósdagurinn 1. mars.
- Samfés 3. mars.
- Samræmd próf hjá 8. – 9. mars.
- Þemavika. 13. – 17. mars. Árshátíð Reykhólaskóla. 16. mars.
- Danskennsla 19. – 22. mars. Með fyrirvara vegna samræmdra prófa.
- Páskafrí í grunnskóla hefst. 26. mars.

Apríl

- Starfsdagur kennara 3 apríl.
- Kennsla hefst aftur eftir páskafrí. 4. Apríl.
- Smiðjuhelgi hjá 8. – 10. Bekk. 6-7. Apríl.
- Sumardagurinn fyrsti. 19. apríl.
- Foreldraviðtöl í leikskólanum 25. – 26. apríl.

Maí/júní

- Frídagur verkalýðsins. 1. Maí.
- Síðasti prófadagur. 4. Maí.
- Síðsti kennsludagur grunnskólans. 18. maí.
- Ferðalög nemenda verða á tímabilinu 22. – 24. maí.
- Skólaslit og útskrift leik- og grunnskóla. 29. maí.

- Síðasti dagur leikskólans fyrir sumarfrí 28. júní.

Vinsamlegast athugið að dagsetningar geta breyst og nýjir atburðir bæst inn á skóladagatalið. Foreldrar og nemendur fá að vita af því í tíma.

Uppbrotsdagar

Yfir veturinn eru nokkrir upprotsdagar. Má þar nefna haustferð skólans, skólahlaupið, jólaföndur, fullveldiskaffi, árshátíð og vorferðalag. List fyrir alla, tónlist fyrir alla og danskennsla er á meðal þess sem skólinn fær í heimsókn og nýtist vel á upprotsdögum.

Val 1.-7. bekk

Nemendur í grunnskóladeild eru í vali einu sinni í viku. Valið verður þannig uppbyggt, boðið verður upp á fjögur námskeið sem standa yfir í 4 vikur. Nemendur velja fyrirfram hvaða námskeið þau vilja taka. Ýmis konar námskeið verða í boði í vetur. Viku áður en námskeiðin hefjast fá þau upplýsingar um hvað er í boði hverju sinni. Nemendur velja fyrsta val og annað val og er reynt eftir mesta megni að koma til móts við þeirra óskir.

Val 8.-10. bekk

Nemendur í 8-10 bekk eru í áhugasviðsvali þar sem þeir geta valið úr mörgum mislögum valáföngum eftir áhuga hvers og eins.

Skertir dagar.

Nemendur í 8. – 10. bekk eru með skerta stundartöflu. Til þess að uppfylla kröfur um 37 stunda tímaviðmið hefur nemendum Reykhólaskóla verið boðið að taka þátt í smiðjuhelgum með grunnskóla Borgarfjarða tvisvar sinnum á ári. Smiðjuhelgarnar verða 11. – 12. nóvember og 17. – 18. mars. Smiðjuhelgarnar eru haldnar á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi. Nemendur vinna í smiðjum frá 14:30 – 19.00 á föstudegi og fá kvöldmat og gista á staðnum. Nætur gæsla er í höndum foreldra/kennara. Á laugardeginum er unnið frá kl. 09:00 – 14:30. Kennari fylgir nemendum en óskað verður eftir aðstoð foreldra við gæslu og akstur. Nemendur vinna að fjölbreyttum verkefnum.

Fastir fundir og fundaráætlun vetrarins

Starfsmannafundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega á miðvikudögum klukkan 15:00 - 16:00.

Grunnskólakennarafundir eru að jafnaði haldnir hálfsmánaðarlega á miðvikudögum klukkan 15:00- 16:00.

Leikskólakennarafundir eru að jafnaði fyrsta þriðjudag í mánuði 16:00-17:00.

Teymisvinna - faglegt starf kennara - fastir fundir eru á fimmtudögum 15:00 - 16:00

Vel gekk að endurskoða áætlanir, allar áætlanir hafi verið endurbættar. Þær voru svo samþykktar vorið 2018

Október:

Læsisátak

Móttaka nýrra starfsmanna

Starfsmannastefna

Starfsýsingar

Umhverfisstefna - koma í hendur nemenda

Rýnmingaráætlun Reykhólaskóla

Nóvember:

Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir

Áætlun um öryggi og velferð barna kynnt og mótuð

Stefna um samskipti heimilis og skóla

Nemendaverndarráð hlutverk

Skólareglur endurskoðaðar

Eineltis áætlun endurskoðuð

Janúar

Jákvæður agi - samstarfsverkefni leik og grunnskóla mótað

Vímuvarnaráætlun endurskoðuð

Jafnréttisáætlun endurskoðuð

Áfallaáætlun endurskoðuð

Febrúar

Skólaráð - Möguleg sameining skólaráðs grunnskóladeildar og foreldraráðs leikskóladeildar.

Móttökuáætlun nýrra nemenda

Skema um kannair og skimanir

Skólanámskrá

Mars

Starfsþróunaráætlun kynnt og mótuð

Viðmið um samskipti kynnt og mótuð

Eineltisáætlun kynnt og mótuð

Umhverfisstefna kynnt og mótuð

Apríl

Vímuvarnaráætlun kynnt og mótuð

Jafnréttisáætlun kynnt og mótuð

Áfallaáætlun kynnt og mótuð

Skólareglur kynntar og mótaðar.

Skipulag skólans

<http://reykholar.is/skoli/skolinn/skipurit/>

Nefndir og ráð

Í 6. gr grunnskólalaga er kveðið á um að í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða og sveitarstjórn eða sveitarstjórnir kunna að fela henni. Mennta- og menningarmálanefnd Reykhóla er skólanefnd sveitafélagsins og ber að starfa eftir lögum og reglum um skólanefndir.

Líkt og fram kemur í 6. gr grunnskólalaga skulu skólastjórar, grunnskólakennarar og foreldrar í sveitarfélagi kjósa hver úr sínum hópi aðal- og varamann til setu á skólanefndarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Skólanefnd skal kosin af hlutaðeigandi sveitarstjórn í upphafi hvers kjörtímabils.

Mennta- og menningarmálanefnd

- Vilberg Þránínsson
- Ágúst Már Gröndal
- Árný Huld Haraldsdóttir

Áheyrnafulltrúar eru:

- Valgeir Jens Guðmundsson, skólastjóri.
- Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara grunnskólans.

- Agnieszka Anna M Kowalczyk fh. Foreldra
- Íris Ósk Sigþórsdóttir fh. starfsmanna á leikskóla

Skólaráð grunnskóla

"Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólalald. Skólastjóri hefur forgöngu um stofnun skólaráðs. Hann situr í skólaráði og stýrir starfi þess. Auk skólastjóra sitja í skólaráði tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara, einn fulltrúi annars starfsfólks skólans, tveir fulltrúar nemenda og einn fulltrúi grenndarsamfélags eða viðbótarfulltrúi úr hópi foreldra valinn af öðrum fulltrúum skólaráðs. Staðgengill skólastjóra stýrir skólaráði í forföllum skólastjóra".

<http://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/1157-2008>

Foreldraráð leikskóla

"Kjósa skal foreldraráð við leikskóla og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í ráðið. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Skal kosning til foreldraráðs fara fram í september á ári hverju og skal kosið til eins árs í senn. Foreldraráð setur sér starfsreglur. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Leikskólastjóri getur sótt um undanþágu til sveitarfélags um stofnun foreldraráðs ef gildar ástæður eru fyrir hendi, svo sem vegna fámennis í leikskóla.

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi"

<https://www.althingi.is/altext/stjt/2008.090.html>

Við Reykhólaskóla er virkt skólaráð en foreldraráð leikskóladeildarinnar hefur ekki verið virkt. Í vetur mun skólastjóri leggja til að skólaráð Reykhólaskóla muni jafnframt sinna hlutverki foreldraráðs leikskólans og funda og starfsáætlun verði endurskoðuð í samræmi við lögbundið hlutverk foreldraráðs leikskólans.

Skólaráð Reykhólaskóla

Skólaráð Reykhólaskóla starfar samkv. 8. gr grunnskólalaga. Ráðið skal skipa níu einstaklingum til tveggja ára í senn.

Skólaráð Reykhólaskóla skólaárin 2016 – 2017 og 2017 – 2018 skipa:

- Valgeir Jens Guðmundsson, skólastjóri
- Rebekka Eiríksdóttir, fulltrúi kennara
- Hrefna Jónsdóttir, fulltrúi kennara
- Friðrún Hadda Gestsdóttir, fulltrúi starfsmanna
- Ágústa Kristín Bragadóttir, fulltrúi grenndarsamfélagsins
- Steinunn Lilja Torfadóttir, fulltrúi nemenda
- Tindur Ólafur Guðmundsson, fulltrúi nemenda
- Inga Birna Erlingsdóttir, fulltrúi foreldra
- Lovísa Ósk Jónsdóttir, fulltrúi foreldra

Til vara

- Tindur Ólafur Guðmundsson, fulltrúi nemenda
- Sandra Rún Gústafsdóttir, fulltrúi nemenda
- Auður Arnórsdóttir, fulltrúi foreldra

Funda- og starfsáætlun

Ágúst. Funda- og starfsáætlun skólaráðs rædd og uppfærð ef þörf þykir. Starfsáætlun skólans yfirfarin og athugasemdir teknar fyrir. Fyrirkomulag haustfunda og viðtala kennara, foreldra og nemenda yfirfarið og rætt. Mötuneytismál.

September. Skólanámskrá yfirfarin og rædd. Foreldrafélag, samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun. Tilhögun námsmats.

Október. Matsáætlun/skorkort. Heimanám, starfshættir nemendaverndarráðs, fjárhagsáætlun. Framkvæmdamál.

Nóvember. Námsmarkmið skólans m.t.t. aðalnámskrár, framkvæmd agastefnu, nemendafélag, hagsmunamál nemenda.

Desember. Sérfræðiþjónusta, námsaðlögun, kennsluaðferðir, niðurstöður samræmdra prófa og læsisprófa. Námsmat.

Janúar. Staða list- og verkgreinakennslu, starfsþróunaráætlun, starfsmannastefna. Staða framkvæmda við skólann.

Febrúar. Stundaskrárrammi næsta vetrar, valgreinar, starfsmannauglýsingar skóladagatal næsta vetrar.

Mars. Viðmiðunarstundaskrá, niðurstöður starfsmannasamtala. Námsmat. Samstarf heimila og skóla.

Apríl. Innritun nemenda, ráðningar starfsmanna, forvarnaráætlun, skólareglur, umhverfisstefna, niðurstöður kannana.

Mái. Skipan starfsmannateyma næsta vetrar, skólahúsnæði og skólalóð, öryggi og aðbúnaður, innkaup námsgagna, matsvinna.

Júní. Ársskýrsla, drög að starfsáætlun næsta árs.

Foreldraviðtöl

Foreldrarar og umsjónarkennari hittast tvisvar sinnum yfir skólaárið. Í upphafi skólaársins er Nám og gleði þar sem kennsluhættir og námsefni er kynnt fyrir foreldrum. Í október hittast foreldrar, nemendur og umsjónakennari og í febrúar hittast foreldrar og umsjónakennari í foreldraviðtölum. Þar sem umsjónarkennari, foreldri og jafnvel nemandi hittast til að fara yfir stöðu og gengi nemandans í námi og hlustað er eftir röddum foreldra.

Samskipti heimilis og skóla

Sérstök áætlun um samskipti heimilis og skóla liggur ekki fyrir ennþá. Skólaárið 2017 til 2018 verður mótuð stefna og áætlun um markvisst samstarf heimilis og skóla. Fastir liðir í skólastarfinu fela í sér skipulögð samskipti og í mörgum tilvikum varðar verkefni sem hafa verið í gangi lengi.

Fundir voru haldnir samkvæmt áætlun og eru fundargerðir geymdar. Skólaráð og foreldraráð leikskólans voru sameinuð og er nú eitt foreldraráð fyrir leik- og grunnskólann.

Forvarnir

Jákvæður agi - leikskóladeild

Leikskóladeild Reykhólaskóla hefur verið að vinna eftir hugmyndum um jákvæðan agi. Það var hvatinn að því að skoða hvort ekki væri kjörið að taka upp stefnuna fyrir skólann í heild sinni. En samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga allir skólar að fylgja ákveðinni uppeldisstefnu. Jákvæður agi er stefna sem byggir á "sjálfstjórnarkenningu", en hún felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en reyna að breyta hegðuninni með umbun og refsingu eins og lengi hefur tíðkast með ýmsum atferlismótunarkerfum sem hafa verið ráðandi í skólakerfinu um langan tíma. Hugmyndafræðin "jákvæður agi" gengur út á að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf og fjórar tegundir af hæfni. Þessir hlutir eru m.a. kenndir og þjálfaðir markvisst á bekkjarfundum.

Ítarlega [samantekt](#) má finna á vefsíðu skólans.

Áfram var unnið að jákvæðum aga í leikskóladeild og nú einnig **ákveðið** að jákvæður agi yrði uppeldisstefna Reykhólaskóla í heild sinni.

Skólareglur - Grunnskóli Reykhólahrepps

(Endurskoðun, kynning og endurbætur fram skólaárið 2017-2018).

Skólareglur voru endurskoðaðar og er að finna á heimasíðu Reykhólaskóla [hér](#). Áætlað er að endurskoða þær aftur 2020.

Eineltisáætlun Reykhólaskóla

Skólaárið 2017-2018 verður eineltisáætlunin endurkoðun með eftirfarandi þætti að leiðarljósi.

- Almenn endurkoðun
- Tekur ferlið tillit til þess að kennarar leggi börn í einelti?
- Tekur ferlið tillit til þess að skólastjóri leggi börn í einelti?
- Er ástæða til að hafa ferli við hendina sem verndar skólastjóra og kennara betur?

Eineltisáætlunin var endurskoðuð og er að finna á heimasíðu Reykhólaskóla [hér](#). Áætlað er að endurskoða aftur 2020 eða fyrr ef þurfa þykir. Í vetur þurfti **aldrei** að virkja eineltisáætlun Reykhólaskóla.

Vímuvarnaráætlun Reykhólaskóla

(Endurskoðun, kynning og endurbætur fara fram skólaárið 2017-2018).

Vímuvarnaráætlunin var endurskoðuð og er að finna á heimasíðu [hér](#). Áætlað er að endurskoða aftur 2021 eða fyrr ef þurfa þykir.

Í vetur fór var lögð á þá þætti sem áætlað var eða;

1. Fræðsla til nemenda um skaðsemi vímuefna
2. Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks
3. Fræðsla til foreldra
4. Hverfasamstarf

Móttökuáætlanir nýrra nemenda

Móttökuáætlanir voru endurskoðaðar á skólaárinu og birtar á heimasíðu skólans. Þær verða endurskoðaðar aftur 2021 en fyrr ef þurfa þykir. Móttökuáætlanir eru á [heimasíðu](#) skólans.

Kannanir og skimanir

Skólaárið 2017-2018 verður sett saman kannana og skimana áætlunir fyrir alla nemendur Reykhólaskóla í samvinnu við sérkennsluráðgjafa Tröppu, sérfræðiteymi Reykhólaskóla og umsjónarkennara. Vinnan byggir á yfirliti miðstöðvar skólaþróunar Háskólans á Akureyri og er að finna [hér](http://lykillinn.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/09/Yfirlit-yfir-adgengileg-profogskimanir-og-daemi-um-ski-munaraaetlun.pdf); <http://lykillinn.akmennt.is/wp-content/uploads/2017/09/Yfirlit-yfir-adgengileg-profogskimanir-og-daemi-um-ski-munaraaetlun.pdf>. Áætlað er að verkinu ljúki í janúar 2018.

Endurskoðað skólaárið 2017-2018 í samvinnu við Grunnskólann á Hól mavík, til að byrja með er stuðst við þá [áætlun](#) en í vetur 2018 til 2019 verður áætlunin uppfærð eftir því sem hentar Reykhólaskóla betur.

Þróun og starfsþróun

Þróunarverkefni

Reykhólahreppur gerði nýverið samning við Tröppu ehf um ráðgjöf og stuðning við framkvæmd lögbundinnar þjónustu við nemendur í Reykhólahreppi.

Liður í því verkefni er að formfesta gerð starfsáætlunar, gerð skólanámskrár og framkvæmd kennsluhátta í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla frá árinu 2011. Helstu viðfangsefni næstu tveggja skólaára eru:

2017-2018

Fylgja eftir læsisstefnu og nýta niðurstöður í þágu hvers barns og á forsendum þess

Formfesta gerð starfsáætlunar og endurskoðun

Vinna með stýrihóp um mótun skólastefnu sveitarfélagsins en áætlað er að hún verði tilbúin vorið 2018.

Innleiðing Google classroom með völdum nemendahópum

Setja upp og innleiða reglubundinn stuðning við ófaglært sérkennsluteymi skólans

Innleiðing fjölbreyttra einstaklingsmiðaðra kennsluhátta í náttúrufræði, vali á unglingsstigi og samþætting upplýsingamenntar og annarra námsgreina

Koma af stað skólanámskrágerð

2018-2019

Setja upp aðgerðaáætlun um innleiðingu skólastefnu - aðaláhersla á einstaklingsmiðaða kennsluhætti

Klára gerð skólanámskrár og skipuleggja endurskoðun

Hefja markvissa sjálfsmatsvinnu byggt á sjálfsmatsáætlun skólans.

Allar áætlanir stóðust. Starfsáætlun er á heimasíðu skólans frá fyrra ári, skólastefna skólans og sveitarfélagsins hafa verið endurskoðaðar og vinna hafin við skólanámskrágerð og námsvísa og kennsluáætlanagerð.

Innra mat

Vorið 2017 hófst markviss endurskoðun á skólanámskrá leik- og grunnskóla Reykhólahrepps. Í þeirri vinnu verður farið lið fyrir lið í gegnum alla lögbunda þætti skólastarfsins. Strax vorið 2018 mun vinna hefjast við að skipuleggja ítarlega hvernig sjálfsmatið fer fram og til þess skipaður stýrihópur. Störf stýrihópsins verða skilgreind til þriggja ára en það er sá tími sem er áætlaður til þess að meta alla þætti skólastarfsins.

Þetta ferli mun gerast samhliða gerð skólanámskrár sem er stefnumótandi og þar eru sett viðmið um gæði í skólastarfinu. Þessi viðmið eru síðan metin með markvissum hætti samkvæmt sjálfsmatsáætlun.

Sjálfsmatsáætlun:

Stjórnun tekin fyrir haustið 2018.

Skóli án aðgreiningar tekinn fyrir á vordögum 2019.

Nám og kennsla. Tekið fyrir haustið 2019.

Mannauður tekinn fyrir á vorið 2020.

Þátttaka og ábyrgð tekin fyrir haustið 2020.

Skólabragur tekin fyrir á vorið 2021.

Úrbótaáætlun (úr Innra mati)

Úrbótaáætlun mun birtast á vefsíðu skólans haustið 2018 eftir að fyrsti liður sjálfsmatsáætlunar leik- og grunnskóla Reykhólahrepps hefur farið fram.

Skólapúlsinn var lagður fyrir á vordögum 2018. Á vefsíðu skólans er að finna úrbótaáætlun, sjálfsmatskýrslu og gildandi sjálfsmatsáætlun.

Jafnréttisáætlun skóla

Jafnréttisáætlun skóla byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og jafnréttisáætlun sveitarfélagsins. Skólastjóri ber ábyrgð á gerð og eftirfylgni jafnréttisáætlun grunnskólans.

Hér eru drög að jafnréttisáætlun Reykhólaskóla. Skólaárið 2017 til 2018 vera drögin endurskoðuð og staðfest í samstarfi við nemendur, kennara og starfsfólks skólans og í samvinnu við Reykhólahrepp. Jafnréttisáætlun verður einnig endurskoðuð í ljósi endurskoðunar á starfsmannastefnu skólans.

Jafnréttisáætlunin var endurskoðuð haustið 2017 og samþykkt. Áætlað er að endurskoða jafnréttisáætlunina haustið 2022 næst eða fyrr ef þurfa þykir. Jafnréttisáætlunin er á [vefsíðunni](#) í heild sinni.

Áætlun um öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla

Börnum skal tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst (Stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands). Markmið laga og reglugerða um skólalald er meðal annars að tryggja að nemendum líði vel. Mikilvægt er að þeir búi við öryggi og að gagnkvæmt traust ríki í skólasamfélaginu.

Þess vegna munu hópur kennara útbúa drög að áætlun um öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla og mun sá hópur hafa skilað áætlun, borðið undir hagsmunaaðila og kynna áður en skóla lýkur vorið 2018.

Vinna við áætlun um öryggi og velferð barna í Reykhólaskóla mun byggja á handbók Menntamálaráðuneytisins sem má sjá hér; https://mms.is/sites/mms.is/files/lokautgafa_oryggishandbok_grunnskola_agust2015_0.pdf

Endurskoðaðar áætlanir eru á heimasíðu skólans. Allar áætlanir birtast í "Áætlun um öryggi og velferð barna" í heild sinni eða vísað á hlekki á vefsíðu skólans.

Starfsþróunaráætlun

Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þætti sem falla beint að stefnu skólans og lögbundinni skyldu hans. Hinsvegar er um að ræða persónulega starfsþróun hvers og eins sem þó ber að falla að stefnu skólans hverju sinni.

Helstu áhersluþættir skólárið 2017-2018 eru:

- Læsi, að fylgja eftir læisstefnu og nýta lestrarpróf til að fylgjast með framförum nemenda.
- Innleiðing á nýrri aðalnámskrá og nýju námsmati.
- Fjölbreyttari kennsluhættir og samvinna kennara.
- Foreldrasamstarf
- Skólaheimsók og námskeið. Dagana 19-22 október fara starfsmenn Reykhólaskóla - Grunnskóla-leikskóla- og tónlistardeild til Brighton á námskeið og skólaheimsókn. Farið var á Numicon námskeið sem er námskeið í hlutbundinni stærfræðikennslu. Þá var farið á námskeið í Mindfulness sem er hin vísindalega samþykkt aðferð til að ná hugarró og skýrleika í yfirspennu tæknisamfélagi. Að lokum ar Forrest School heimsóttur þar sem starfsmönnum gafst tækifæri að skoða skólann og læra útikennslu.

Form símenntunar

Símenntun kennara fer fram innan 102/150 tímana samkvæmt kjarasamningi kennara og getur. Símenntun annarra starfsmanna fer fyrst og fremst fram á starfstíma skólans.

Símenntun getur falist í:

- Námskeiðum fyrir kennara
- Ráðstefnum og fræðslufundum
- Jafningjafræðslu
- Lestur fagbóka og fagsíðna
- Áhorf myndbanda á netinu
- Formlegt framhaldsnám

Þörf á símenntun.

Ár hvert metur skólastjóri þörf á símenntun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólastjóri fylgist með að símenntun sé sinnt og heldur utan um þá símenntun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá þá símenntun sem þeir taka þátt í og skilar til skólastjóra en gera grein fyrir sínum símenntunaráformum í **starfsmannaviðtali**.

Stór liður í símenntun Reykhólaskóla næstu tvö árin verður innleiðing lögbundinna áætlana. Endurskoðun og innleiðing áætlana krefst aðkomu alls starfsfólks skólans. Á næstu tveimur árum má segja að allir formfastir þættir skólstarfsins verði endurskoðaðir.

Tveggja ára áætlun

Símenntunar og starfsþróunar áætlun Reykhólaskóla skólárið 2017-2019 eru:

Haut - starfsdagar	September til desember	Janúar til apríl	Maí og júní	Sumar
Einstaklingsmiðaðir kennsluhættir Innleiðing aðalnámskrár	Skólanámskrá ; gerð starfsáætlunar og undirbúningur gerð kennsluáætlana	Skólanámskrágerð, stefnumótandi hluti. Skólafestna	Áætlunargerð þar sem ný skólafestna endurspeglast í öllu skólafesti.	Mælt til þess að kennarar sækja sér námskeið sem styrkja þá í starfi í samræmi við

Námskeið í útikennslu og núvitund.	Kennarar vinna að því að innleiða einstaklingsmiðaða kennsluhátta í kennsluáætlunargerð Skólaheimsókn til Brighton, áhersla á Numicon, útikennslu og mindfulness. Áhersla á lestur	Reykholaskóla, endurgerð. Kennarar vinna að því að innleiða einstaklingsmiðaða kennsluhætti Leiðsagnarmat; Nanna Christiansen Fylgja eftir lestrarátaki	Eftirfylgni leiðsagnarmat. Fylgja eftir lestrarátaki	skólastefnu skólans og sveitarfélagsins. Fylgja eftir lestrarátaki Mótun foreldrasamstarfs
Gerð áætlana: Endurskoðun starfsmannastefnu, samskipta heimilis og skóla, skólareglur endurskoðaðar, eineltisáætlun endurskoðuð, vímuvarnaáætlun endurskoðuð, jafnréttisáætlun og áætlun um öryggi og velferð og áfallaáætlun mótuð.				

Haut - starfsdagar	September til desember	Janúar til apríl	Maí og júní	Sumar
Innleiðing skólastefnu Reykhólahrepps. Innleiðing nýrrar skólanámskrár. Kennsluhættir einstaklingsmiðaðs náms í öllu skólastarfi Numicon - námskeið.	Auka færni kennarar við lestrarkennslu í öllum árgöngum. Fjölbreyttir kennsluhættir	Auka færni kennarar við lestrarkennslu í öllum árgöngum. Áhersla á sjálfsmat og byggja undir áhuga og skilining á sjálfsmati	Sjálfsmatsvinna Fjölbreyttir kennsluhættir Foreldrasamstarf	Endurskoða starfsþróunaráætlun

Flest gekk eftir. Kennarar gerðu tilraunir með samþættingu námsgreina sem komst af stað en ákveðið að fara betur í haustið 2018 og með markvissari hætti. Leiðsagnarmat með Nönnu Christiansen var frestað til næsta skólaárs.

Umhverfisstefna Reykhólaskóla

Reykholaskóli leggur áherslu á að nemendur og starfsfólk beri virðingu fyrir umhverfinu og leggi sitt af mörkum til að vernda umhverfið og náttúruna. Það gerum við með því að:

- Flokka sörp
- Spara rafmagn og vatn
- Ganga vel um skólann innan dyra og utan

- Draga úr notkun pappírs og stuðla að endurnýtingu hans
- Draga úr notkun á einnota vörum
- Nota afgangsefni í verkefni eins og kostur er
- Nota rafræn samskipti eins og kostur er til að spara pappír
- Varast mengun og nota umhverfisvænar hreinlætisvörur

Framkvæmd, viðmið og eftirfylgni

Reykholaskóli hefur tekið þátt í verkefninu "Skóli á grænni grein" og mun því formlega ljúka vorið 2018. Í vetur verða það nemendur skólans sem munu setja viðmið um framkvæmd umhverfisstefnunnar, sinna eftirliti og skrá niðurstöður og fylgja eftir að stefnu skólans í umhverfismálum sé sinnt.

Nemendur skammta sér sjálfir í mötuneyti og hefur það orðið til þess að matarsóun hefur minnkað. - En fræðsla um matarsóun fór í alla bekkir áður en þessi nýbreytni var tekin upp

Stoðkerfi

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð fundar mánaðarlega á starfstíma skólans. Hlutverk ráðsins er að gæta hagsmuna nemenda. Í ráðinu sitja:

- Valgeir Jens Guðmundsson, skólastjóri.
- Andrea Björnsdóttir, fulltrúi í sérkennsluteymi.
- Helga Garðarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur.
- María Játvarðardóttir, félagsmálastjóra Reykholahrepps.

Starfshættir Nemendaverndarráðs Reykholaskóla.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf, sérfræðiþjónustu og vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd um sérstaka aðstoð við nemendur.

- Nemendaverndarráð skal funda einu sinni í mánuði.
- Halda skal fund í nemendaverndarráði ef a.m.k. tveir fulltrúar í ráðinu óska þess.
- Fundir ráðsins eru færðir til bókar.
- Í nemendaverndarráði Reykholaskóla eiga sæti skólastjóri, fulltrúi sérkennsluteymis, skólahjúkrunarfræðingur og félagsmálastjóri. Einnig geta fulltrúar frá barnaverndaryfirvöldum tekið þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu. Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti.

Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðiþjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu. Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur. Má gera það með tölvupósti eða bréflaga. Að öðru leyti vísast í lög og reglugerðir sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.

Nemendaverndarráð fundaði á 8 vikna fresti eins og gert var ráð fyrir.

Aðgengi að skólaheilsugæslu

Heilsugæslu í grunnskólum héraðsins er sinnt af Heilbrigðisstofnun Vesturlands í Búðardal. Skólahjúkrunarfræðingur Reykhólaskóla er Helga Garðarsdóttir helga.gardarsdottir@hve.is og er við á fimmtudögum.

Markmið

Heilsuvernd skólabarna er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið heilsuverndar skólabarna er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk heilsuverndar skólabarna vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð nemenda að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi heilsuverndar skólabarna er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Í henni felast heilsufarsskoðanir, bólusetningar og heilbrigðisfræðsla, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldna þeirra og starfsfólks skólans.

6H heilsunnar – heilbrigðisfræðsla

Heilsuvernd skólabarna sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta ýmist í hópi eða á einstaklingsgrunni. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-h heilsunnar sem er samstarfsverkefni Heilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Áherslur fræðslunnar eru hollusta – hvíld – hreyfing – hreinlæti – hamingja - hugrekki og kynheilbrigði. Eftir fræðslu fá foreldrar sent bréf og gefst þeim þá kostur á að ræða við börnin um það sem þau lærðu.

Heilsufarsskoðanir

1. bekkur. Mæld hæð, þyngd, sjón, heyrn (ef þurfa þykir) og litskyn.
4. bekkur. Mæld hæð, þyngd og sjón.
7. bekkur. Mæld hæð, þyngd og sjón.
9. bekkur. Mæld hæð, þyngd, sjón og læknisskoðun.

Hjúkrunarfræðingar sjá um skoðanir og annað eftirlit samkvæmt tillögum landlæknis. Skólaskoðanir fara fram á skólatíma og eru ekki auglýstar sérstaklega nema hjá þeim nemendum sem eru bólusettir.

Hjúkrunarfræðingar bjóða upp á viðtalstíma fyrir nemendur á skólatíma, þá daga sem hjúkrunarfræðingur er í skólanum.

Bólusetningar

7. bekkur: Mislingar, rauðir hundar og hettusótt(ein sprauta). Stúlkur eru bólusettar gegn HPV(human papiloma virus) til að minnka líkur á leghálskrabbameini(þrjár sprautur á 6 mánaða tímabili).

8. bekkur: Stúlkur eru bólusettar gegn HPV(human papiloma virus) til að minnka líkur á leghálskrabbameini (þrjár sprautur á 6 mánaða tímabili).

9. bekkur: Mænusótt, barnaveiki, stífkrampi og kíghósti (ein sprauta). Ef líkur eru á að barnið sé ekki að fullu bólusett þá eru foreldrar hvattir til að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing.

Slys og veikindi

Mikilvægt er að skólahjúkrunarfræðingar viti af börnum sem eru með langvinnan og /eða alvarlegan sjúkdóm, s.s. sykursýki, ofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma. Ef óhapp eða slys verður á skólatíma sér starfsfólk skólans um fyrstu hjálp. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðarmenn fara með barninu. Því er mikilvægt að skólinn hafi öll símanúmer þar sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ekki er ætlast til að óhöppum sem gerast utan skólatíma sé sinnt af skólahjúkrunarfræðingi.

Lús

Mikilvægt er að foreldrar kembi og/eða leiti að lús í hári barna sinna reglulega. Ef upp kemur lús í skólanum er send tilkynning um það heim ásamt leiðbeiningum um meðferð. Kemming og meðferð er á ábyrgð foreldra.

Líðan barna

Til að njóta sín í námi verður barninu að líða vel í skólanum. Heilsuvernd skólabarna hvetur foreldra til að vera vakandi yfir líðan barna sinna og spyrja þau reglulega um líðan sína. Einnig að hafa hugfast að hrós og hvatning styrkja jákvæða hegðun og auka vellíðan. Foreldrar geta ávallt leitað ráðgjafar hjá skólahjúkrunarfræðingi varðandi málefni er varða líðan og heilbrigði barnsins.

[Heilsufarsskoðanir eins og áætlað var.](#)

Aðgengi að sérfræðipjónustu - stoðþjónusta

Stoðþjónusta (í endurskoðun lok vor 2018)

Við skólann starfar iðjuþjálfari og þroskaþjálfari sem vinna með nemendum með einhverskonar fötlun, röskun og/eða sérþarfir samkvæmt skilgreiningu sérfræðings og/eða nemendum með almenna námsörðuleika. Skólasálfræðingur - Verksvið skólasálfræðings er að veita starfsfólki og foreldrum ráðgjöf vegna erfiðleika nemenda.

Talmeinafræðingur og sérkennsluráðgjafi - Verksvið talmeinafræðings er að skima eftir frávikum í framburði eða málþroska nemenda.

Skólasálfræðingur og talmeinafræðingur koma eftir þörfum. Einnig er hægt að hafa sambandi við skólasálfræðing og sérkennsluráðgjafa utan þess tíma sem þeir verja í skólanum.

Skólinn er í samstarfi eins og þurfa þykir við aðrar stofnanir sem þjónusta börn.

[Almenn ánægja með aðgengi og úrvinnslu mála, skólasálfræðingur kemur á 4-6 vikna fresti til okkar.](#)

Áfallaráð - Áfallaáætlun

Á eftir að leggja fyrir hagsmunaaðila til samþykktar og yfirferðar.

Vetur 2017-2018

[Endurskoðað 2017-2018 - sjá á vefsíðu. Endurskoða næst 2022. Áætlunin í heild sinni á \[vefsíðu\]\(#\) skólans. Í vetur þurfti að kalla saman áfallaráð og virkja áætlunina, það tókst ágætlega og engin ástæða til að endurskoða nýja áætlun fyrr en áætlað var.](#)

Viðbrögð við óveðri.

Reynt verður að halda úti skólastarfi í Reykhólaskóla nema veður sé þeim mun verra og kennarar komast ekki til vinnu. Ef skólastarf er fellt niður er slíkt auglýst á heimasíðu skólans, fésbókar-síðu skólans, með sms og í útvarpi.

Þegar veðrið inn í sveit og í Gufudalssveit er það slæmt að börnin komast ekki í skólann, meta skólabílstjórar aðstæður og láta vita á bæina ef þeir koma ekki. Foreldrar meta einnig aðstæður og ákveða hvort þeir telja óhætt að senda börnin í skólann. Best er að láta skólabílstjóra vita beint.

Ef ekki er hægt að koma börnum úr dreifbýli heim að skóladegi loknum fara nemendur á „fósturheimili“ á Reykhólum sem foreldrar eru búnir að undirbúa fyrirfram.

Ef skóli fellur niður um lengri tíma vegna veðurs eru kennarar tilbúnir með verkefni eða námsáætlun, þannig að nemendur sem eru heima dragist ekki aftur úr þeim sem eru í skólanum. Þessi verkefni geta verið með ýmsum hætti. Foreldrar/nemendur geta verið í tölvu eða símasamskipum við kennara varðandi námið.

Stórslys/ náttúruhamfarir

1. Skólastjóri/ áfallaráð afli upplýsinga um á hvern hátt atburðurinn tengist skólanum.
2. Haft verði samband við viðeigandi upplýsingamiðstöð, t.d. kirkjuna eða RKÍ.
3. Afla upplýsinga í stórslysaáætlun hjá Reykhólahrepp.

Áætlun um viðbrögð við óveðri var endurskoðað 2017 til 2018. Endurskoða næst 2020.

Fresta þurfti skólahaldi vegna veðurs einu sinni veturinn 2017-2018. Þrisvar sinnum kom til þess að hætta þurfti á hádegi vegna þess að veðurútlit var slæmt. Fyrir vikið komust allir nemendur heim áður en veðurofsinn skall á.

Hagnýtar upplýsingar

Námsgögn

Skólinn sér nemendum fyrir námsgögnum.

Útikennsla

Lögð er áhersla á að nemendur mæti klæddir eftir veðri svo þeir geti tekið þátt í útikennslu. Í haustbyrjun er kennt úti sem og þegar fer að vora, allt eftir því hvað veður leyfir.

Sund

Íþróttakennara mælast til þess að stúlkur mæti í sundbolum í skólasund og að drengir séu ekki í of stórum og síðum sundbuxum.

Íþróttaföt:

1.–10. bekkur:

Nemendur í 1. - 10. bekk eiga að **koma með** íþróttaföt sem eru léttur bolur og buxur og klæðast þeim í búningssklefa.

Skór:

1.–3. bekkur:

Nemendur eru ekki í íþróttaskóm en geta komið í tátíljum eða stoppsokkum í staðinn.

4.–10. bekkur:

Nemendur mega vera í íþróttaskóm.

Handklæði:

3.–10. bekkur: Það er mælt til þess að nemendur fari í sturtu eftir tíma. Upp úr 5. bekk fara nemendur að svitna og því fylgir súr lykt.

Viðmið Reykhólaskóla um samskipti foreldra og kennara

Drög að stefnu um samskipti við forráðamenn og kennara. Staðfest og farið yfir skólaárið 2017 til 2018.

Umsjónarkennari verður í samskiptum við foreldra um þau mál er snerta einstaka nemendur, heimanám og annað sem eingöngu snýr að starfi bekkjarins. Boðið er upp á foreldraviðtöl svo oft sem þurfa þykir en slík viðtöl eru a.m.k. tvisvar á skólaári. Koma foreldrar þá í skólann á fund umsjónarkennara. Umsjónarkennari og foreldrar hafa einnig samband símleiðis eða með tölvupósti eftir atvikum. Í upphafi skólaársins verður kynning á starfsáætlun skólans og á starfinu í hverjum bekk. Nám og gleði er námskynning kennara og er haldið í september ár hvert. Fleiri fundir kunna að verða þar sem rætt er um ákveðin málefni. Annað foreldrastarf er sem hér segir:

- Kennarar og skólastjórnendur eru með símaviðtalstíma daglega.
- Namfús er upplýsingasíða skólans fyrir foreldra
- Kennarar senda upplýsingar um starfið í bekknum á Namfús og foreldrar þurfa því að fylgjast vel með þar
- Heimasíða skólans er fyrst og fremst upplýsinga- og fréttasíða skólans fyrir foreldra.
- Facebooksíða skólans er hugsuð til að koma skilaboðum af ýmsu tagi fljótt til foreldra.
- Foreldrar eiga að geta sinnt sem flestum erindum sínum við skólann í gegnum námfús
- Foreldrar geta, í samráði við kennara, heimsótt skólann og fengið að taka þátt í skólastarfinu.
- Ýmsar skemmtanir verða sem foreldrum er boðið á.
- Sérstök fræðsla um skólamál er fyrir foreldra yngstu barnanna vorið áður en börnin koma í skólann.

Foreldri getur óskað eftir fundi með kennara í tölvupóst til kennarans. Þeir koma sér saman um fundartíma. Einnig geta foreldrar hringt á skrifstofu skólans og lagt fyrir skilaboð um að kennari hringi í sig. Kennari hringir samdægurs eftir kennslu ef erindið er brýnt en annars í síðasta lagi daginn eftir. Mikilvægt er því að það komi fram hvort erindið er brýnt eða ekki. Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki í kennara utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn beri til.

Tölvupóstur til kennara

Kennarar svara tölvupósti foreldra eftir kennslu og að jafnaði inna tveggja daga frá því hann berst. Foreldrar geta ekki treyst því að tölvupóstur sem þeir senda kennara verði lesinn samdægurs og því er betra ef erindið er brýnt að hringja á skrifstofu skólans.

Tölvupóstur

Lögð er áhersla á að kennarar fái vinnufrið í kennslustundum og þurfi ekki að opna tölvupóst né svara farsíma. Tölvupóstar eru eingöngu notaðir til að senda upplýsingar eða spyrjast fyrir um hagnýt mál. Aldrei ætti að nota tölvupósta til að ræða viðkvæm, persónuleg mál. Hver og einn kennari ákveður sjálfur hvort hann tekur á móti vinnupósti í farsíma sinn eða ekki.

Hvenær á að nota tölvupóst?

- Koma upplýsingum á framfæri
- Leita upplýsinga
- Hrósa kennara/skóla fyrir það sem vel er gert
- Gera athugasemdir um það sem þér finnst miður fara

Hvenær á ekki að nota tölvupóst?

- Ekki ræða viðkvæm, persónuleg mál í tölvupósti – hringja og panta viðtal
- Þegar maður er reiður og illa upp lagður
- Tölvupóstur er ekki öruggur - Aðrir geta lesið póstinn
- Pósturinn getur "óvart" farið á annað/önnur netföng
- Ekki er hægt að eyða bréfi sem hefur verið sent eða breyta því á nokkurn hátt
- Þegar bréf hefur verið sent er það til, óvíst er að viðtakandi eyði því, heldur geymi það í tölvunni – jafnvel sendi það áfram til fleiri aðila eða prenti það út og sýni fleirum
- Ekki er 100% öruggt að tölvupósturinn skili sér, frekar en sniglapóstur
- Bréf send í tölvupósti hafa verið gögn í dómsmáli hér á landi
- Hafði tölvupósta ávallt hnitmiðaða og skýra
- Ekki senda löng skeyti. Hafðu textann hnitmiðaðan og skýran, þannig að skilaboðin komist klárlega til skila.
- Fáir gefa sér tíma til að lesa langan texta í tölvunni. Skeytin eiga að vera svo stutt að ekki þurfi að prenta þau út.
- Viðtakandi getur "lesið á milli línanna" og túlkað póstinn á annan hátt en sendandi hafði ætlast til. Þess vegna þarf textinn að vera skýr og augljós. Varist hálfkveðnar vísur. Trúnaðarmál á ekki að ræða í tölvupósti
- Tölvupóst á ekki að nota til að ræða viðkvæm mál

- Aldrei senda trúnaðarmál í tölvupósti – þá er betra að hringja eða hittast augliti til auglitis
- Viðhengi og auglýsingar
- Tölvupóstur er einfalt, þægilegt og fljótlegt samskiptaform
- Tölvupóstur er ákjósanlegur í almennum samskiptum við einstaka kennara eða skólann
- Tölvupóstur er fínn til að koma skilaboðum til skólans
- Sendið ekki auglýsingapóst eða ruslpóst á kennara
- Notið viðhengi í hófi.
- Viðhengi eru stór skjöl sem taka langan tíma í að hlaðast inn í tölvu viðtakanda. Slíkt pirrar fólk. Ekki á að senda viðhengi á einstaka kennara nema þeir vita af því áður.
- Sýnið alltaf kurteisi Aldrei skrifa bréf í reiði, bíða þar til hún rennur. Ef þú ert í vafa um hvort þú eigir að senda bréfið, ekki senda það. Láttu einhvern eða einhverja lesa það yfir.
- Aldrei láta hanka þig á ókurteisi, dónaskap eða ruddaskap. Það sem þú lætur fara frá þér í tölvupósti lýtur sömu lögum og annað ritað mál. Varastu því að láta frá þér fara óhróður um fólk og stofnanir, jafnvel þó þér finnist einhver eiga það skilið

Facebook og aðrir samskiptamiðlar

Innan skólans gilda samræmdar siðareglur um samskipti við foreldra á samfélagsmiðlum. Kennarar skólans sem stofna sérstakan Facebook hóp eða aðra sambærilega samskiptahópa fyrir foreldra skilgreina í upphafi tilgang hópsins/síðunnar, hvað á heima þar og hvað ekki. Dæmi: Tilgangurinn með þessum hóp/síðu er að deila hagnýtum upplýsingum um nám og félagsstarf nemendanna í bekknum/árganginum. Hér er deilt upplýsinum og fyrirspurnum um heimanám, upplýsingum og fyrirspurnum um verkefni sem nemendur eru að vinna með í skólanum m.a. ljósmyndum, upplýsingum og fyrirspurnum um kennsluáðferðir. Hér birtast einnig upplýsingar frá bekkjarfulltrúum og frá foreldrafélaginu. Undir engum kringumstæðum er hér fjallað um málefni einstaklinga, hvorki nemenda, foreldra né starfsmanna skólans.

Sími

Hvenær á að hringja? Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki á skrifstofu skólans eða í kennara með skilaboð sem ekki eru brýn t.a.m. að mamma eða pabbi bíði út í bíl, barnið megi fara heim með einhverjum eftir skóla o.s.frv. Sama gildir um tölvupóst með svipuðum skilaboðum. Ganga þarf frá öllu slíku við barnið áður en það fer í skólann. Ef upp koma ófyrirséð tilvik geta foreldrar hringt á skrifstofu skólans. Foreldrar geta ekki ætlast til þess að ná tali af kennara þegar kennslu lýkur t.d. þegar þeir eru að sækja börn sín. Ef þeir þurfa að ná tali af kennara er bent á þær leiðir sem nefndar eru hér að ofan. Kennarar eru með þéttskipaða dagskrá eftir að kennslu lýkur og eru þá að sinna undirbúningi undir kennslu, samstarfi við aðra kennara, fundum með foreldrum og sérfræðingum, kennarafundum og endurmenntun.

Kennarar svara almennt ekki í farsíma eða taka við skilaboðum í síma meðan á kennslu stendur. Kennarar eru með fasta viðtalstíma á stundaskrá þar sem foreldrar geta hringt eða komið til fundar við þá. Ef málið þolir ekki bið er hægt að óska eftir símtali eða fundi með milligöngu.

Leyfi

Foreldrar tilkynna veikindi barna sinna og/eða stutt leyfi til skólans.

Heimsóknir foreldra í skólastofur

Hvatt er til þess að foreldrar kynnist daglegu starfi barna sinna í skólanum, en heimsóknir í skólastofur skulu ávallt vera í samráði og með samþykki viðkomandi kennara.

Upplýsingar frá skólanum

Samráðs- og upplýsingafundir eru haldnir í öllum árgöngum í september undir yfirskriftinni Nám og gleði. Skólinn birtir allar helstu upplýsingar um skólastarfið á heimasíðu sinni m.a. skóladagatal, skólanámskrá, starfsáætlun, samstarfsáætlun foreldra og skóla, starfsmannalista, matseðil o.fl. Hagnýtar upplýsingar um námsmarkmið, námsmat, heimanám o.fl. eru jafnframt birtar á Námfús þar sem þær eru uppfærðar reglulega af umsjónarkennara og öðrum kennurum sem kenna nemandanum. Umsjónarkennari sendir foreldrum reglulega helstu upplýsingar um bekkjarstarfið og það sem framundan er í bekknum/hópnum. Í október og febrúar eru haldnir samráðsfundir/foreldraviðtöl með umsjónarkennara, foreldrum og nemenda þar sem farið er yfir markmið og stöðu nemandans. Á sama tíma gefast einnig tækifæri fyrir nemendur, foreldra og sérgreinakennara að eiga fundi um markmið og stöðu nemandans. Frekari upplýsingar eru veittar eftir þörfum á fundum, með tölvupósti, gegnum síma eða á samskiptamiðlum.

"Nám og gleði" var endurskipulagt en það er þegar foreldrum er boðið að mæta í skólann og kynna sér hvað nemendur eru að gera - það var ekki nógu vel sótt. En önnur samskipti gengu vel fyrir sig og gagnlegt að hafa viðmiðin.

Skólasel og íþróttæfingar

Skólasel er fyrir nemendur í 1. – 4. bekk og er á skólatíma. Foreldrar þurfa ekki að greiða fyrir dvöl í skólaseli. Umsjónarmenn skólasels eru Herdís Erna, Ósk Jóhanna og Jóhanna Ösp. Ef nemendur óska eftir að sleppa skólaseli þá verður að koma skriflegt leyfi frá foreldrum.

Ungmennafélagið Afturelding hefur verið duglegt að vera með námskeið fyrir nemendur. Oft er reynt að hafa það á skólatíma ef kostur er á annars er það eftir skóla og er það foreldra að hafa eftirlit með börnunum.

Forföll, veikindi og leyfi

Forföll nemenda ber að tilkynna í síma 434-7731 (kennarastofa), 434-7832 (leikskóladeild), 434-7806 (skólastjóri) eða forfallatilkynningar berast í tölvupósti til umsjónarkennara eða deildarstjóra leikskóladeildar. Allar fjarvistir eru skráðar og færðar inn í Námfús. Umsjónarkennari fylgist með skólasókn nemenda og hefur samband ef þurfa þykir.

Foreldrum grunnskólabarna er sérstaklega bent á að reyna eftir fremsta megni að halda forföllum og leyfum í lágmarki og nýta helgar í Reykjavíkurfærðir ef þess er nokkur kostur.

Leyfi í lengri en tvo daga fyrir nemendur í grunnskóladeild þarf að sækja um á vef skólans undir liðnum skólinn og þar undir í eyðublöð.

Rýmingaráætlun Reykhólaskóla

http://reykholar.is/skoli/aaetlanir/rymingaraaetlun_/

Unnið var að rýmingaráætlun fyrir Reykhólaskóla skólaárið 2015 - 2016 hvernig skuli bregðast við eldsvoða. Þegar hafa verið gerðar miklar endurbætur á útgönguleiðum. Rýmingaráætlun verður endurskoðuð 2020 nema að breytingar verð á húsnæði skólans.

Mötuneyti

Nemendum stendur til boða heitur matur í hádeginu alla daga vikunnar gegn gjaldi. Lagt er upp úr að eldaður sé fyrir börnin hollur og fjölbreyttur matur sem unnin er úr góðu hráefni. Öllum nemendum er boðið upp á morgunmat, hvort sem þau eru skráð í hádegismat eða ekki. Flest alla daga er boðið uppá hafragraut, morgunkorn, súrmjólk, ávexti og lýsi.

Nemandi skráist sjálfkrafa í mat í upphafi skólaárs og taka þarf sérstaklega fram ef nemendi á ekki að vera í mat. Ef nemandi hættir í mat eftir að skólaárið hefst er uppsögn tekin gild næsta mánuð eftir uppsögn. Aðeins er hægt að skrá nemanda í fastar máltíðir.

Ef nemandi er fjarverandi í lengri en fimm daga samfleytt getur foreldri óskað eftir að greiða ekki mat þá daga sem nemandinn er fjarverandi umfram fyrstu fimm dagana. Til þess að fá niðurfelldan kostnað verður að sækja um það sérstaklega til skólastjóra.

Verðskrá: Verð fyrir skólamáltíð

Nemendur í 1. – 4. bekk	7813 kr. pr. mán*.
Nemendur í 5. – 7. bekk	10602 kr. pr. mán*.
Nemendur í 8. – 10. bekk	12723 kr. pr. mán*.

*Þessi verð eru miðuð við að nemendur sé í mat alla daga.

Íþróttir og sund

Nemendur eiga að mæta með viðeigandi fatnað í íþróttir og sund. Ef þau koma ekki með viðeigandi fatnað þurfa þau að horfa á. Ef nemendur mega ekki vera í íþróttum eða sundi þá verður að koma skrifleg tilkynning frá foreldrum.

Upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf

Jóhanna Ösp Enarsdóttir sér um félagsstarf í Reykhólaskóla. Viðburðir eru alla mánudaga fyrir 1-10 bekk. Reynt er að skipta tómstundastarfi þannig að allir finndu eitthvað við sitt hæfi og er horft í fræðslu, útiveru og hreyfingu ásamt afþreyingu.

Fastir viðburðir eru eftirfarandi:

- 8. – 10. Bekkur tekur þátt í Landsmóti Samfés. Það stendur yfir helgi og taka krakkarnir þátt í margvíslegum námskeiðum og skemmtidagskrá.
- Heimsókn í Ozone. Félagsmiðstöðin Ozone á Hórnávik heimsótt.
- Æskulýðsball í Borgarnesi.
- Söngvakeppni Samfés á Vesturlandi.
- Samfestingurinn. 2ja daga ferð til Reykjavíkur með margvíslegri dagskrá í kringum Samfestinginn.
- Lyngbrekkuball í Lyngbrekku.
- Fjölskyldudagurinn sumardaginn fyrsta.
- Lokaball og grill maí.

Fjáröflun

- Vörusala
- Pítsadagur í nóvember og apríl
- Kaffisala á öskudag
- Fjölskyldudagurinn
- Sjoppa
- Dósatalning

Óveður

Komi til þess að fella þurfi niður skólastarf vegna óveðurs er reynt að koma tilkynningu á vef skólans, facebook síðu skólans og með símtölum árla morguns heim til nemenda. Veður getur verið misjafnt eftir stöðum í sveitafélaginu og ber foreldrum að meta hverju sinni hvort óhætt sé að senda nemendur í skólann. Foreldra barna í dreifbýli fylla út blað þar sem kemur fram á hvaða heimili á Reykhólum er fósturheimili barnsins ef sú staða kemur upp að ekki geta skólabílar keyrt heim að loknum skóla. Skólabílsjórar hafa samband við skólastjóra um leið og veðurhorfur eru orðnar slæmar. Skólabílstjórar eða skólastjóri hafa samband við foreldra ef þurfa þykir.

Skólaakstur

Skólaakstur er skipulagður miðað við þarfir grunnskóladeildar, heimilt er þó að flytja leikskólabörn með skólabílum ef pláss er í bílnum enda lengist dagleg akstursleið skólabíls ekki eða einungis óverulega. Bílstjórnarnir eru Þráinn Hjálmarsson og Vilberg Þráinsson. Vilberg keyrir í Króksfjarðarnes og Þráinn keyrir í Gufudalssveit. Skólabílar koma að skóla rétt fyrir kl 08:30 og fara frá skóla kl 15:05 alla daga nema föstudaga þá fara bílarnir kl 12:55 þegar nemendur eru búnir að borða hádegisverð. Ef skólabíll á ekki að sækja nemanda af einhverjum ástæðum, vinsamlegast látið bílsjóra vita tímalega. Þráinn s: 434-7774 / 895-7774
Vilberg s: 434-7772 / 863-2059

Klæðnaður og óskilamunir

Foreldrar eru beðnir um að sjá til þess að börn þeirra séu klædd eftir veðri þar sem nemendur verja frímínútum sínum í útiveru.

Gott er að merkja skó og fatnað. Það getur verið sérstaklega gott að merkja íþróttagalla frá UDN og fleira þess háttar. Óskilamunir eru í vörslu skólaliða og eru þeir gerðir sýnilegir við flest tækifæri.

Lokaorð

Skólinn er vinnustaður nemenda þar sem verðmætt uppeldi fer fram. Skólinn aðstoðar því foreldra í uppeldishlutverkinu og er menntun og velferð nemenda því sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið þarf því að byggjast á gagnkvæmri virðingu, gagnkvæmu trausti og samábyrgð.

Nemendur þurfa að vinna ákveðin verkefni heima. Nauðsynlegt er að foreldrar skapi börnum sínum aðstöðu og næði til heimanáms og brýni fyrir þeim mikilvægi þess að ljúka jafnóðum við verkefni sín. Jákvætt viðhorf til heimanáms auðveldar námið.

Foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel með heimanámi barnanna.

Vinsamlega hafið samband ef eitthvað kemur upp á t.d. ef einhverjir erfiðleikar eru varðandi námið eða vandamál koma upp í samskiptum nemenda eða í samkiptum nemenda og kennara.

Upplýsingar um viðburði berast foreldrum á heimasíðu skólans, facebooksíðu skólans og með tölvupósti, ef brýnt er að ná á foreldra er hringt. Eins eru sendir heim miðar í töskum barnanna.

Kveðja starfsfólk Reykhólaskóla